

## FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR LANDSBRÉFA HF. 2022

Þann 3. maí 2022 kl. 16:00 var haldinn aðalfundur Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, á fjórðu hæð Borgartúns 33 í Reykjavík. Fundurinn hófst með því að Þórunn Jónsdóttir, formaður stjórnar félagsins, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hún stakk upp á að Ólafur Páll Gunnarsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Ólafur Páll tók við fundarstjórn og lagði til að Theodóra Thorlacius yrði kjörin fundarritari. Það var samþykkt. Lögmæti fundarins var kannað, en mætt er fyrir 100% hluta í félaginu og fara Hreiðar Bjarnason og Þorsteinn Stefánsson með þau atkvæði f.h. Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og Bláma fjárfestingafélags ehf. Til fundarins var boðað með lögmætum hætti og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem fyrir fundinum liggja.

Fundarstjóri fór stuttlega yfir dagskrá fundarins sem er í samræmi við samþykktir félagsins og var síðan gengið til afgreiðslu dagskrármála.

### 1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári

Þórunn Jónsdóttir formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar. Hún sagði að Covid 19 hefði sett sín merki á árið 2021 eins og árið 2020, en þrátt fyrir það hefði rekstur Landsbréfa gengið vel. Það hefði komið skýrt í ljós að Landsbréf hefði verið vel í stakk búið að glíma við þær áskoranir sem fylgdu faraldrinum og viðbúnaðaráætlun félagsins hefði virkað vel. Hún sagði að rekstur félagsins hefði gengið vel á árinu. Hún fór yfir helstu niðurstöður af rekstri en félagið hefði aldrei skilað eins góðri afkomu og væri hagnaður af rekstri 1.410 milljónir króna eftir skatta. Kom fram að stjórn legði til 3.000 milljón króna arðgreiðslu eins og nánar yrði grein gerð fyrir síðar á fundinum. Fram kom að hjá félaginu störfuðu 21 starfsmaður í lok árs í rúmlega 20 ársverkum. Fram kom að eignir í stýringu hjá Landsbréfum hefðu vaxið gríðarlega á árinu og gildi það bæði um eignastýringu og sjóðastýringu. Þannig hefðu eignir í sjóðastýringu í lok árs numið 306 milljörðum króna samanborið við 210 milljarða króna árið áður. Þá hefðu eignir í stýringu samkvæmt samningum um eignastýringu numið 238 milljörðum króna í lok árs samanborið við 195 milljarða árið áður. Kæmi þar til bæði góð ávöxtun en einnig nýtt innflæði í sjóðina. Hrósaði hún sérstaklega öfluglu sölustarfi Landsbankans en bankinn annast sölustarf fyrir sjóði Landsbréfa samkvæmt útvistunarsamningi.

Formaður stjórnar fór yfir starf stjórnar á árinu. Hún sagði að samstarfið í stjórn hefði gengið mjög vel og haldnir hefðu verið 11 formlegir stjórnarfundir á árinu. Aðalfundur hefði verið haldinn þann 29. apríl 2021. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Í stjórn félagsins voru kjörin Þórunn Jónsdóttir, formaður, Haraldur Flosi Tryggvason, Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, Magnús Magnússon og Signý Sif Sigurðardóttir. Varamenn voru kjörnir Erna Eiríksdóttir og Guðjón Valgeir Ragnarsson. Aðalfundur tók ákvörðun um að greiða 500 milljónir króna í arð til hluthafa og var arður greiddur í maí. Þann 19. ágúst 2021 sagði Signý Sif Sigurðardóttir sig úr stjórn Landsbréfa og tók Erna Eiríksdóttir, varastjórnarmaður, sæti hennar í stjórninni.

Í máli formanns kom fram að það væri viðvarandi verkefni að þróa félag eins og Landsbréf og bregðast við áskorunum sem kæmu upp og aðlaga vöruframboð að þörfum markaðarins á hverjum tíma. Á árinu 2021 hefðu byrjað rekstur bæði Horn IV slhf. sem er 15 milljarða framtakssjóður og einnig Brunnur vaxtarsjóður II slhf. sem er 8 milljarða vísisjóður. Þessir sjóðir kæmu í kjölfar sambærilegra sjóða sem Landsbréfa hafa rekið við góðan orðstír og væru þeir báðir þessir sjóðir nú byrjaðir að fjárfesta. Þá greindi hún frá því að stofnaðir hefðu verið nokkrir nýir fjárfestingarsjóðir og nefndi að meðal þeirra væru Landsbréf – Eignadreifing sjálfbær hs. og Landsbréf – Einkabréf A hs. og Landsbréf – LEQ 150 ETF hs., en stefnt er að skráningu hlutdeildarskírteina þess sjóðs á næstu vikum. Í máli formanns kom fram á það væru áfram miklar áskoranir fram undan. Eftir sögulega lága vexti framan af síðasta ári hefði vaxtahækkunarferli hafist á síðasta ári og sæi ekki fyrir endann á því ferli. Verðbólga hefði farið vaxandi

og væri nú meiri en hún hefði verið í meira en áratug. Þá væru margir kjarasamningar lausir í haust og því fylgdu oft miklar áskoranir eins og við þekkjum og þá ekki hvað síst fyrir þá sem stýra fjármunum. Hún sagðist engum treysta betur til þess verkefnis en starfsfólki Landsbréfa sem hefði sýnt í verki að þar kynnu menn að bregðast hratt og vel við breyttum markaðsaðstæðum með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Í lok máls síns þakkaði formaður öðrum stjórnarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf innan stjórnarinnar. Það lægi fyrir að Erna Eiríksdóttir, Magnús Magnússon og Guðmunda Ósk Kristjónsdóttir myndu nú hverfa úr stjórninni og þakkaði hún þeim kærlega fyrir gott samstarf og störf í þágu félagsins. Þá þakkaði hún einnig Helga Þór Arasyni framkvæmdastjóra og öðru starfsfólki Landsbréfa fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlið.

## 2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar

Klara Hrönn Sigurðardóttir, rekstrarstjóri Landsbréfa, gerði grein fyrir ársreikningi félagsins. Hún fór yfir helstu liði rekstrar- og efnahagsreiknings og sjóðstreymis.

Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlið. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2021 var borinn undir fundinn og samþykktur með öllum atkvæðum hluthafa.

## 3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu um greiðslu arðs frá stjórn félagsins. Tillagan er svohljóðandi:

„Aðalfundur Landsbréfa samþykkir að greiða 3.000 milljónir króna í arð til hluthafa. Arðgreiðsla skal fara fram innan hálf mánaðar frá samþykkt aðalfunda.“

Fram kom að tillaga um arðgreiðslu væri óvenjuhá þetta skiptið. Rekstur ársins 2021 hefði skilað góðum hagnaði og þá hefði rekstur undanfarinna ára einnig skilað góðri niðurstöðu. Tillagan tæki mið af því að mikið eigið fé hefði safnast upp í félaginu á undanförunum árum einkum vegna áfallinna árangurstengdra þóknana sem nú hefðu verið greiddar.

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var tillagan borin undir fundinn og samþykkt samhljóða með öllum atkvæðum hluthafa.

## 4. Breytingar á samþykktum.

Fundarstjóri gerði grein fyrir að fyrir fundinum lægi svohljóðandi tillögur um breytingar á samþykktum félagsins frá stjórn félagsins:

1. mgr. 14. gr. samþykpta félagsins orðist svo:

*Stjórn félagsins skal skipuð eigi færri en þrem mönnum sem kosnir eru til eins árs í senn og einum til vara. Formann stjórnar skal kjósa sérstaklega en stjórnarmenn skipta að öðru leyti með sér verkum. Stjórn kýs varaformann.*

1. mgr. 16. gr. samþykpta félagsins orðast svo:

*Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra sem fullnægir hæfisskilyrðum laga og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjórar og þeir starfsmenn sem annast stýringu sjóða og eignasafna skulu hafa verðbréfaréttindi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.*

Fram kom að til grundvallar tillögunum lægju ákvæði í nýjum lögum nr. 116/2021, um verðbréfasjóði. Í 2. mgr. 15. gr. laganna væri gerður áskilnaður um að stjórnarmenn rekstrarfélaga mættu hvorki vera

stjórnarmenn né lykilstarfsmenn móðurfélags rekstrarfélagsins eða stjórnarmenn eða starfsmenn vörsluaðila sjóða í rekstri rekstrarfélags. Á undanförunum árum hefur stjórn Landsbréfa verið skipuð fimm einstaklingum og þar af hefðu tveir verið starfsmenn Landsbankans og þrír stjórnarmenn hafa verið óháðir móðurfélaginu. Þá hafa verið kjörnir tveir varamenn þar sem annar hefur verið háður og hinn óháður. Með hliðsjón af þessum lagabreytingum væri nú lagt til að lágmarksfjöldi stjórnarmanna í 14. gr. samþykktanna yrði lækkaður úr fimm í þrjá í samþykktunum, en það er lágmarksfjöldi samkvæmt lögum. Þá væri lagt til að varamönnum verði fækkað í einn. Í annan stað væru lagðar til breytingar á 16. gr. samþykktanna og texti greinarinnar aðlagður nýjum lögum.

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var tillagan borin undir fundinn og samþykkt samhljóða með öllum atkvæðum hluthafa.

### 5. Kjör stjórnar félagsins

Í stjórn Landsbréfa eiga sæti fimm aðalmenn og tveir varamenn. Frá Eignarhaldsfélagi Landsbankans ehf. hefur borist tillaga um að eftirtaldir aðilar verði kjörnir til stjórnar og varastjórnar:

Þórunna Jónsdóttir, í framboði til stjórnarformanns  
Anna Bjarney Sigurðardóttir, í framboði sem meðstjórnandi  
Haraldur Flosi Tryggvason Klein, í framboði sem meðstjórnandi

Í framboði sem varastjórnarmaður væri:  
Einar Þór Harðarson

Meðal fundargagna voru ítarlegar upplýsingar um stjórnarmenn. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og engir aðrir í framboði og var því sjálfkjörið í stjórnina og voru framangreindir lýstir rétt kjörnir í stjórn félagsins.

### 6. Kjör endurskoðunarfélags

Stjórn Landsbréfa leggur til að PricewaterhouseCoopers ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið. Tillagan var tekin fyrir samþykkt og PricewaterhouseCoopers ehf. lýst rétt kjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa.

### 7. Starfskjarastefna félagsins

Lagt er til að fyrirbyggjandi starfskjarastefna félagsins yrði samþykkt, en stefnan var meðal fundargagna. Stefnan er óbreytt frá fyrra ári. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var framlögð starfskjarastefna samþykkt.

### 8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Svofelld tillaga um þóknun til stjórnarmanna liggur fyrir:

- Stjórnarlaun verði kr. 260.000 á mánuði, hækkun um 6,1%
- Laun formanns verði tvöföld stjórnarlaun, kr. 520.000 á mánuði, hækkun um 6,1%
- Greiðsla til varaformanns fyrir fundarstjórn verði kr. 65.000, hækki um 6,6%
- Varamenn fái kr. 65.000 fyrir hvern fund sem þeir sitja í forföllum aðalmanna, þó ekki lægri upphæð en 130.000 kr. á ári, hækkun um 8,3%
- Árleg greiðsla fyrir setu í endurskoðunarnefnd verði kr. 232.000, hækkun um 5,5%

- Árleg greiðsla fyrir setu í starfskjaranefnd verði kr. 116.000, hækkun um 5,5%
- Árleg greiðsla til formanna undirnefnda verði kr. 58.000, hækkun um 5,5%”.

Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan dagskrárlið og var tillagan tekin fyrir og samþykkt.

### 9. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá fundarins. Hreiðar Bjarnason, forsvarsmaður Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og framkvæmdastjóri Fjármála hjá Landsbankanum kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og hrósaði starfsfólki og stjórn Landsbréfa fyrir góðan árangur. Þá tók Lilja Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri til máls og tók undir orð Hreiðars og sagðist vilja þakka starfsmönnum og stjórn fyrir vel unnin störf.

Aðrir tóku ekki til máls. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að hann og fundarritari fengju að ganga frá fundargerð og að senda nauðsynlegar tilkynningar til fyrirtækjaskrár. Það var samþykkt.

Þannig farið fram. Fundi slitið kl. 16.30.

---

Ólafur Páll Gunnarsson, fundarstjóri

---

Theodóra Thorlaciús, fundarritari